

ÍV sjóðir hf.

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.
Sérhæfðir sjóðir ÍV sjóða hf.
fyrir almenna fjárfesta.

Ársreikningur 2023

ÍV sjóðir hf.
Hvannavöllum 14
600 Akureyri

Kt. 491001-2080

Efnisyfirlit

A-hluti

Ársreikningur ÍV sjóða hf.	1
Efnisyfirlit	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstremisfirlit	9
Skýringar	10
Stjórnarháttayfirlýsing	14

B-hluti

Ársreikningur verðbréfasjóða ÍV sjóða hf.	18
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit fjárfestinga	21
Skýringar	40

Ársreikningur verðbréfasjóða ÍV sjóða hf.

ÍV erlent skuldabréfasafn (USD)	45
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	46
Efnahagsreikningur	47
Yfirlit fjárfestinga	48
Skýringar	50

Arsreikningur sérhæfðra sjóða fyrir

almenna fjárfesta ÍV sjóða hf.	53
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	54
Efnahagsreikningur	55
Yfirlit fjárfestinga	56
Skýringar	70

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins og framsetning ársreikningsins

ÍV sjóðir hf. annast rekstur átta verðbréfasjóða, sex sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, og tveggja sérhæfðra sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV og Veðskuldabréfasjóðs ÍV - VÍV II. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í two hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem voru í rekstri félagsins á árinu. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Eignaraðild

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársbyrjun. Eignarhlutur hluthafa er eftirfarandi:

Íslensk verðbréf hf.	99,75%
Björg Capital ehf.	0,25%

Aðalfundur

Á aðalfundi sem haldinn var 30. maí 2023 voru Hjörvar Maronsson (stjórnarformaður), Jón Bjarni Kristinsson og Katrín Káradóttir kjörin í stjórn félagsins. Á fundinum var samþykkt að greiða 100,0 millj. kr. í arð á árinu 2023. Þann 24. nóvember 2023 sagði Jón Bjarni Kristinsson sig úr stjórn félagsins og tók Kolbeinn Friðriksson varamaður sæti hans í stjórn félagsins.

Afkoma og helstu atriði úr rekstri félagsins

Hreinar rekstrartekjur á árinu námu 414,6 millj. kr. samanborið við 414,7 millj. kr. á sama tímabili árið áður. Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 12,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 163,4 millj. kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 211,3 millj. kr. í árslok samanborið við 447,3 millj. kr. í árslok fyrra árs.

Eigið fé félagsins í árslok nam 146,7 millj. kr. að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 16,0 millj. kr. og lækkaði um 87,5 millj. kr. á árinu að meðtaldri arðgreiðslu að fjárhæð 100,0 millj. kr. Eiginfjárlutfall félagsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálaþyrtæki nam 11,8% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Frá ársbyrjun 2023 hefur öll eignastýringarstarfsemi innan samstæðu Íslenskra verðbréfa hf. farið fram undir merkjum ÍV sjóða hf. Þó svo að viðskiptavinir samstæðunnar hafi ef til vill ekki orðið áþreifanlega varir við þessa breytingu þá fól hún í sér ákveðnar óhjákvæmilegar breytingar á innra skipulagi samstæðunnar og þar með félagsins sjálfs. Samhliða breytingunum hafa verið gerðar töluverðar breytingar á kostnaðarþátttöku félagsins innan samstæðunnar með það að markmiði að félagið sjálf beri allan raunkostnað sem af starfsemi þess hlýst.

Undanfarið ár hefur verið lagt í mikla vinnu við að tryggja að starfsemi félagsins uppfylli allar skyldur er varða varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eru þær breytingar sem gerðar voru á verklagi nú komnar fram að fullu. Viðskiptavinir félagsins hafa orðið áþreifanlega varir við þessar breytingar með þeim hætti að áreiðanleikakannanir eru nú töluvert ítarlegri og þarf þeim að vera lokið áður en mögulegt er að eiga viðskipti.

Ytra umhverfi félagsins var krefjandi á árinu 2023. Mikil verðbólga, hátt vaxtastig og striðsátök leiða af sér að töluverð óvissa ríkir varðandi þróun á fjármálamörkuðum og á sama tíma eru kröfur sem gerðar til starfseminnar alltaf að aukast. Þessar aðstæður setja viðsulega mark sitt á rekstur félagsins og undirstríka mikilvægi þess að vinna áfram að þróun starfseminnar til að tryggja stöðugan og arðbæran rekstur. Horfur fyrir árið 2024 eru þó heldur bjartari en undanfarin ár, þar sem verðbólga hefur verið á undanhaldi og búast má við töluverðri lækkun á vaxtastigi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði arður að fjárhæð 40,0 millj. kr. á árinu 2024. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum.

Fjöldi starfsmanna á árinu umreknað í heilsársstörf (ársverk) voru 8,3 (2022: 5,8). Í lok ársins störfuðu hjá féluginu sjö starfsmenn.

Meirihluti stjórnar félagsins telst óháður féluginu samkvæmt skilgreiningu í gr. 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrtækja. Í stjórn félagsins sitja tveir karlar og ein kona og uppfyllir því félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Starfsemi sjóða

Í árslok annaðist félagið rekstur 16 sjóða.

Eignir í stýringu námu í árslok 95,5 milljörðum kr., en þann 31. desember 2022 námu þær 59,8 milljörðum kr.

ÍV sjóðir hf. starfrækja átta sjóði sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og innlánum, þar af two sérhæfða sjóði, fimm sjóði sem fjárfesta í hlutabréfum eða hlutabréfatengdum vörum, þar af einn sérhæfðan, og þrjá blandaða sjóði, svokallaða eignastýringarsjóði.

Í ársbyrjun 2023 lauk aðkomu ÍV sjóða hf. að rekstri TFII slhf. sem er sérhæfður sjóður fyrir fagfjárfesta. Félagið seldi alla eignarhluti í dótturfélagini TII GP ehf. á tímabilinu.

Stjórnarháttayfirlýsing

Í samræmi við 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fylgir félagið viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrtækja. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins, eru orðnar viðurkenndur staðall og er nýjasta útgáfan frá 1. júlí 2021 (6. útg.). Stjórnarháttayfirlýsing félagsins hefur verið yfirfarin af stjórn og framkvæmdastjóra. Í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins er að finna ítarlega lýsingu á stjórnarháttum félagsins, en hana er að finna á heimasíðu félagsins (ivsjodir.is).

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamíðlana. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrrafkomu félagsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Akureyri, 26. mars 2024.

Í stjórn félagsins:

Hjörvar Maronsson
Kolbeinn Friðriksson
Katrín Káradóttir

Framkvæmdastjóri:

Jón Helgi Pétursson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í ÍV sjóðum hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÍV sjóða hf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2023, efnahag þeirra 31. desember 2023 og breytingu á hreinni eign sjóðanna á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð ÍV sjóðum hf. í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar síðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingum sem fylgir ársreikningum.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálfyrirtæki og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi ÍV sjóða hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.: ---

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 26. mars 2024.

Deloitte ehf.

Hólmgírmur Bjarnason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Umsýsluþóknun		395.862	405.390
Fjármunatekjur	3	18.843	9.354
		Heildartekjur	414.705
Fjármagnsgjöld	3	(81)	(6)
		Hreinar rekstrartekjur	414.624
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	218.866	143.994
Þjónustugjöld		8.725	47.935
Annar rekstrarkostnaður		171.111	18.493
		Rekstrargjöld	398.703
Hagnaður fyrir tekjuskatt		15.921	204.316
Tekjuskattur	7,11	(3.372)	(40.867)
Hagnaður ársins	9	<hr/>	<hr/>
		12.549	163.449

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Verðbréf			
Verðbréf með breytilegum tekjum	8,14	97.824	244.701
	Verðbréf	<u>97.824</u>	<u>244.701</u>
Kröfur			
Viðskiptakröfur		31.397	66.048
Kröfur á tengda aðila	14	51.473	34.234
Aðrar kröfur		100	4.540
	Kröfur	<u>82.971</u>	<u>104.821</u>
Aðrar eignir			
Eignarhlutir í dótturfélögum		0	747
Handbært fé		30.485	97.003
	Aðrar eignir	<u>30.485</u>	<u>97.750</u>
	Eignir samtals	<u>211.280</u>	<u>447.272</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Hlutafé		16.000	16.000
Lögbundinn varasjóður		4.000	4.000
Bundinn gangvirðisreikningur		8.763	6.689
Óráðstafað eigið fé		117.898	207.422
	Eigið fé	<u>9</u>	<u>146.660</u>
			234.111
Aðrar skuldir			
Skuld við tengda aðila	14	1.850	70.512
Skuld við tengd félög vegna samsköttunar	11	3.372	40.867
Aðrar skammtímaskuldir		59.397	101.782
	Skuldir	<u>64.619</u>	<u>213.161</u>
			211.280
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>211.280</u>	<u>447.272</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	9	12.549	163.449
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfæignar	3	(13.122)	(7.297)
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(573)</u>	<u>156.152</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		47.636	(15.052)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>(117.535)</u>	39.297
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(69.900)</u>	24.245
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(70.473)</u>	180.397
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlutum í dótturfélögum		0	(747)
Söluverð eignarhluta í dótturfélögum		747	0
Fjárfesting í hlutdeildarskíteinum		0	(50.000)
Söluverð hlutdeildarskíteina		160.000	10.000
Skammtímakröfur, breyting		<u>(25.785)</u>	0
Fjárfestingahreyfingar		<u>134.962</u>	<u>(40.747)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	9	(100.000)	(180.000)
Ógreiddur fjármagnstekjkattur vegna sjóða, breyting		<u>(31.006)</u>	<u>(39.391)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(131.006)</u>	<u>(219.391)</u>
Lækkun á handbæru fé		<u>(66.517)</u>	<u>(79.741)</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>97.003</u>	<u>176.744</u>
Handbært fé í árslok		<u>30.485</u>	<u>97.003</u>
Aðrar upplýsingar:			
Greidd vaxtagjöld af skammtímalánum		(81)	(6)
Innborgaðar vaxtatekjur		5.721	2.057
Greiddur tekjkattur		<u>(40.867)</u>	<u>(45.667)</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

ÍV sjóðir hf. voru stofnaðir árið 2001. Félagið er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Félagið starfar samkvæmt lögum um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóð. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félagini á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur félagsins er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

2. Reikningsskilaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en verðbréf eru metin á gangvirði og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

b. Umsýslubóknun

Félagið innheimtir umsýslubóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og reiknast bóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Félagið innheimtir umsýslubóknun fyrir rekstur sérhæfðra sjóða og sérgreindra eignastýringarsafna og reiknast bóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign sjóða eða eignasafna í samræmi við reglur sjóða eða samninga um eignastýringu. Félagið innheimtir einnig eftir atvikum árangurstengdar greiðslur af verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og sérgreindum eignastýringarsöfnum. Slíkar greiðslur koma til þegar árangur í stýringu á tilteknu tímabili er umfram ávöxtunarviðmið eins og þau eru skilgreind í reglum og útboðslýsingum viðkomandi sjóða eða samningum um eignastýringu. ÍV sjóðir hf. hafa útvistað tilteknun verkefnum til Íslenskra verðbréfa hf., meðal annars, regluvörslu, bakvinnslu og sölu- og markaðsmálum. Félagið greiðir íslenskum verðbréfum hf. bóknun vegna útvistaðrar þjónustu.

c. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum í árslok.

d. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmi tíma en þriggja mánaða.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

2023 2022

Vaxtatekjur	5.721	2.057
Gangvirðisbreyting verðbréfaeignar	13.122	7.297
Vaxtagjöld	(81)	(6)
	18.762	9.348

4. Arðsemi eigna

Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigna er eftirfarandi:

Arðsemi eigna	3,8%	35,9%
---------------------	------	-------

Skýringar frh.:

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	162.038	107.333
Áfallið orlof, breyting	3.755	3.254
Mótframlag í lífeyrissjóði	23.891	15.426
Önnur launatengd gjöld	12.740	8.588
Fjársýsluskattur	10.348	6.763
Annar starfsmannakostnaður	6.094	2.629
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>218.866</u>	<u>143.994</u>

Fjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf (ársverk) 8,3 5,8

Ekki er í gildi kaupaukakerfi hjá félaginu.

6. Greiðslur til endurskoðenda

Greiðslur til endurskoðenda á árinu námu 9,5 millj. kr. (2022: 8,0 millj. kr.) þar af voru 4,2 millj. kr. (2022: 2,6 millj. kr.) vegna innri endurskoðunar.

7. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu	(3.372)	(40.867)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>(3.372)</u>	<u>(40.867)</u>

	2023	2022
Hagnaður fyrir tekjuskatt	15.921	204.316
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0% (3.184)	20,0% (40.863)
Ófrádráttarbær kostnaður	1,2% (187)	0,0% (4)
Virkur tekjuskattur	<u>21,2% (3.372)</u>	<u>20,0% (40.867)</u>

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign með breytilegum tekjum greinist þannig:

	Hlutabréf	Hlutdeildar-skírteini verðbréfasjóða	Samtals 31.12.2023	Samtals 31.12.2022
Óskráð verðbréf	0	97.824	97.824	244.701
	<u>0</u>	<u>97.824</u>	<u>97.824</u>	<u>244.701</u>

Skýringar frh.:

9. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 16,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

Yfirlit um eiginfjárréikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis- réikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	16.000	4.000	1.099	229.563	250.662
Breyting á gangvirðisréikningi	0	0	5.590	(5.590)	0
Arður til hluthafa	0	0	0	(180.000)	(180.000)
Hagnaður ársins	0	0	0	163.449	163.449
Eigið fé 31.12.2022	16.000	4.000	6.689	207.422	234.111
Breyting á gangvirðisréikningi	0	0	2.074	(2.074)	0
Arður til hluthafa	0	0	0	(100.000)	(100.000)
Hagnaður ársins	0	0	0	12.549	12.549
Eigið fé 31.12.2023	16.000	4.000	8.763	117.898	146.660

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nam 11,8% í árslok. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Heildar eigið fé	146.660	234.111
Eiginfjárgrunnur samtals	146.660	234.111
Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	14.951	29.574
Eiginfjárkrafa	14.951	29.574
Eiginfjárkrafa miðað við 25% af föstum rekstrarkostnaði	99.676	41.836
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjákröfu	46.985	192.275
Eiginfjárlutfall	11,8%	44,8%

Skýringar frh.:

10. Hluthafar:

Eftirfarandi hluthafar eiga umfram 1% hlutafjár í félagini:

Nafn	Land	Eignarhlutur
Íslensk verðbréf hf.	Ísland	99,75%

Björg Capital ehf. á 67,6% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. Björg Capital ehf. er 100% í eigu Þorbjargar Stefánsdóttur.

11. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

31.12.2023

31.12.2022

Tekjuskattur ársins	3.372	40.867
Áhrif vegna samsköttunar	(3.372)	(40.867)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	0	0

12. Skattamái

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu Íslenskum verðbréfum hf.

13. Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum ÍV sjóða hf. í árslok nam 95,5 milljörðum kr. samanborið við 59,8 milljarða kr. í árslok fyrra árs.

14. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins teljast vera hluthafar sem eiga yfir 10%, sjóðir í umsjón félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu.

Stöður og viðskipti við tengda aðila eru eftirfarandi:

31.12.2023

31.12.2022

Verðbréfæign með breytilegar tekjur	97.824	244.701
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	747
Skammtímakröfur	51.473	34.234
Skammtímaskuldur	1.850	70.512

Viðskipti á árinu:

2023

2022

Sala á þjónustu	309.752	359.156
Fjármunatekjur og breyting á virði hlutdeildarsírteina	13.122	7.297
Kaup á þjónustu	160.418	49.885

Greidd laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig :

1) Hrafn Árnason, fyrverandi framkvæmdastjóri	0	16.092
Jón Helgi Pétursson, framkvæmdastjóri	30.824	9.663
Hjörvar Maronsson, stjórnarmaður	2.170	1.313
Jón Bjarni Kristinsson, stjórnarmaður, fyrverandi stjórnarmaður	2.330	1.960
Kolbeinn Friðriksson, fyrverandi stjórnarmaður	895	1.636
Katrín Káradóttir, stjórnarmaður	1.785	1.636

1) Laun og hlunnindi í starfi sem framkvæmdastjóri.

Stjórnarháttayfirlýsing

ÍV sjóðir hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og aðra sérhæfða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti og skilyrðíslausa fylgni við lög, reglur og samþykktir félagsins. Félagið fylgir í öllum meginatriðum 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma. Leiðbeiningarnar fela í sér tilmæli um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglum en á sama tíma fylgir þeim meiri sveigjanleiki en slíku regluverki enda eru fyrirtækin sem leiðbeiningunum fylgja ólík og af öllum stærðum og gerðum. Meginmarkmið leiðbeininganna er að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa og annarra hagaðila. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsloðinni <http://leidbeiningar.is>. Í starfsemi sinni taka Íslensk verðbréf auch þess mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05).

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttá ÍV sjóða hf.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er svokölluð „fylgið eða skýrið“ regla (e. „comply or explain“) en á grundvelli hennar hafa stjórnir fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti þættir leiðbeininganna henti viðkomandi fyrirtæki. Sé vikið frá leiðbeiningunum skal þess getið í stjórnarháttayfirlýsingu. ÍV sjóðir hf. fylgja reglunum í samræmi við stærð og umfang starfseminnar og eru nokkur frávik gerð frá leiðbeiningunum. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. að því leyti að ekki verða veittar upplýsingar um tímasetningu hluthafafunda á heimasíðu félagsins. Hluthafar félagsins eru fáir og telur stjórn samsetningu þeirra ekki veita tilefni til auglýsingar á vefsíðu félagsins.
- Miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og fjölda hluthafa er ekki talin þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd stjórnar sbr. gr. 1.4. Með vísan til ítarlegra hæfisskilyrða sem gilda um stjórnir í fjármálafyrirtækjum er ekki talin ástæða til að grípa til aðgerða til að vega upp á móti frávikunum.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar viðmið um síðferði sbr. gr. 2.9 en hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð. Félagið leggur þó mikið upp úr góðu síðferði og sjálfbærni í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka starfskjaranefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar. Ekki er talin ástæða til að grípa til aðgerða til að vega upp á móti frávikunum.
- ÍV sjóðir hf. birta ekki á vefsíðu sinni ófjárhagslegar upplýsingar í starfsmannamálum, mannréttindamálum, umhverfismálum, samfélagsmálum og spillingar- og mítumálum. Þannig er vikið frá gr. 6.2. Stefnu félagsins varðandi framangreinda flokka má finna í stefnu ÍV sjóða hf. um samfélagslega ábyrgð en hana er að finna á heimasíðu félagsins www.ivsjodir.is.
- Vikið er frá gr. 6.3. að því leyti að eftirfarandi upplýsingar eru ekki birtar á vefsíðu félagsins: ófjárhagslegar upplýsingar, upplýsingar um hluthafafundi félagsins, fundarboð, fundargerðir hluthafafunda og upplýsingar um hvernig framboðum til stjórnar verður komið á framfæri.

Starfsemi félagsins og áhættuþættir

ÍV sjóðir hf. starfa á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftírliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“) sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Um starfsleyfi ÍV sjóða hf. gilda þannig reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur laga ákvæði um fjármálamarkaði. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi ÍV sjóða hf. gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og er með höfuðstöðvar að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Hjá féluginu starfa nú átta starfsmenn.

Sem fyrr segir lýtur félagið eftirliti FME. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi þess. Stjórn félagsins hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Þá hefur stjórn félagsins sett innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þ. á. m. áhættustefnu og reglur um áhættustýringu, reglur um eigin viðskipti starfsmanna félagsins o.fl. Þá hefur stjórn sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð sem felst meðal annars í að á öllum sviðum starfsemi félagsins skuli hvetja til fjölbreytileika og viðtækra þátttöku. Áhættustjóri sér um áhættustýringu fyrir félagið og ber ábyrgð á vinnslu þeirra skýrslna sem ÍV sjóðum hf. ber skylda til að skila til opinberra aðila. Regluvörslu er útvistað til Íslenskra verðbréfa hf. skv. sérstökum samningi þar um. Innri endurskoðun er útvistað til KPMG. Ytri endurskoðun er framkvæmd af Deloitte ehf. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf. er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega, um 12 sinnum á ári. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri fundina og yfirlögfræðingur móðurfélags sem jafnframt ritar fundargerðir. Á árinu 2023 voru haldnir 12 stjórnarfundir.

Stjórnin skal sjá til bess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður féluginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar, ákvarðanatöku og samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasiðu félagsins.

Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal hittast a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

Stjórnin hefur engar undirnefndir.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjáreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hann skal leita samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna.

Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

Hjörvar Maronsson formaður stjórnar, er fæddur 1985. Hann lauk B.Sc. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Akureyri árið 2008 og prófi í verðbréfaviðskiptum árið 2022.

Frá 2007 til 2023 starfaði Hjörvar hjá Íslenskum verðbréfum hf., fyrst við bókhald og síðar eignastýringu. Frá 2015 starfaði hann í verðbréfamiðlun og var forstöðumaður þess sviðs frá 2016 til 2023. Frá 2023 hefur Hjörvar gengt starfi fjárfestingarstjóra hjá Kaldbaki ehf.

Hjörvar tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða árið 2023.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Kolbeinn Friðriksson er fæddur árið 1981. Kolbeinn lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 2001, B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005 og M.Sc. gráðu í fjármálum frá Berlin School of Economics and Law árið 2011. Auk þess er Kolbeinn með próf í verðbréfaviðskiptum.

Kolbeinn er fjármálastjóri Hölds ehf. Áður starfaði Kolbeinn sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Eik fasteignafélagi hf. Frá árinu 2011 starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf innan Markaða Íslandsbanka og frá 2007 hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka/Glitnis banka. 2005 til 2007 starfaði hann hjá Bakkavör Group á fjármálasviði.

Kolbeinn tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða árið 2016.

Katrín Káradóttir er fædd árið 1969. Katrín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1989, Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1996 og MSc gráðu frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1999. Auk þess er Katrín með próf í verðbréfaviðskiptum.

Katrín hefur frá 2012 rekið verslunina Kistu í Menningarhúsini Hofi á Akureyri og samhlíða því starfaði hún á árunum 2016 og 2017 einnig sem framkvæmdastjóri handverksháttarinnar að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Á árunum 2006 – 2012 starfaði Katrín hjá Íslandsbanka sem starfsmaður Einkabankajónustu og sem deildarstjóri Eigna- og lífeyrisþjónustu bankans og á árunum 2004-2006 hjá TM Software og Libra tengt viðskipta- og fjármálahugbúnaði.

Katrín tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða hf. árið 2018.

Jón Helgi Pétursson er framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. Hann er fæddur árið 1974. Jón er með MBA gráðu frá The University of Hull, B.Sc. í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Jón Helgi tók við starfi framkvæmdastjóra ÍV sjóða árið 2022 en hafði áður gegnt því frá 2005-2016. Frá 2019-2022 gegndi hann störfum framkvæmdastjóra og síðar aðstoðarforstjóra Íslenskra verðbréfa hf. Frá 2016-2017 starfaði hann sem forstöðumaður rekstrarsviðs Íslenskra verðbréfa hf. Áður starfaði Jón Helgi sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga frá 2000-2005 og sem ráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf. frá 1998-2000.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Íslensk verðbréf hf. er móðurfélag ÍV sjóða hf. og vörluaðili sjóða í rekstri ÍV sjóða hf. Í samræmi við 2. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2021 og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020 skal meirihluti stjórnarmanna ÍV sjóða hf. vera óháður móðurfélagi sínu og vörluaðila. Þá má stjórnarmaður ÍV sjóða hf. ekki vera stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða stjórnarmaður eða starfsmaður vörluaðila. Þá skal meirihluti stjórnarmanna einnig vera óháður féluginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti. Í tilviki ÍV sjóða hf. er það skilyrði uppfyllt að meirihluti stjórnarmanna félagsins sé óháður samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði. Hluthafar geta hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórn ef spurningar vakna varðandi rekstur félagsins.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Fyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki helst í hendur við siðferði starfsmanna. ÍV sjóðir hf. leggja því höfuðáherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu í heild. Þessi atriði endurspeglast í innri reglum félagsins og einnig í þeiri viðskiptahugmynd sem starfsemi þess byggir á, þ.e. að vera óháð eignastýringarfyrirtæki sem keppir ekki við viðskiptavini sína um bestu fjárfestingakostina. Við ráðningu nýrra starfsmanna leitar félagið eftir fólk með reynslu og þekkingu á fjármálamarkaði eða ungum metnaðarfullum einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á því að starfa á slíkum markaði.

Félagið er einnig meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína og hefur hana að leiðarljósi í starfseminni. Félagið hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttaiðkun barna og unglings sem og ýmis önnur góð málefni.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.: ---

Upplýsingagjöf í tengslum við brot á lögum og reglum

Félagið hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni. Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað viðurlög vegna brota á lögum um fjármálfyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé. Upplýsingar um mál fyrir dólmstólum sem félagið á aðild að, sé um það að ræða, er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.

Ársreikningur 2023

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2023

	ÍV Ríkisskuldabréfasjóður Skýr.	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasj.	ÍV Erlent hluta-bréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn III	Samtals 2023	Samtals 2022
Rekstrarreikningur									
Tekjur									
Arður	0	0	2.704	29.588	0	0	616	32.908	49.468
Vextir	91.348	106.635	1.392	2.476	37.536	7.323	14.267	260.976	300.276
Verðbætur	86.247	93.663	0	0	16.615	8.149	10.630	215.303	141.929
Aðrar tekjur	4	4	0	0	3	9	17	37	0
Heildartekjur	177.599	200.302	4.096	32.064	54.154	15.480	25.529	509.223	491.673
Gjöld									
Umsýslubóknun rekstrarfélags	24.496	26.979	11.445	51.054	6.115	5.415	18.330	143.836	163.297
Vörslubóknun	500	581	336	2.803	240	45	223	4.728	5.070
Árangurstengd þóknun	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar þóknar	2.608	2.109	5.221	35.227	375	65	2.171	47.775	72.393
Önnur gjöld og kostnaður	1.485	1.548	1.071	1.729	1.070	1.105	1.335	9.343	8.074
Heildargjöld	29.089	31.217	18.074	90.813	7.800	6.629	22.059	205.681	248.834
Innleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum	79.162	157.597	106.206	671.624	106.920	17.989	50.223	1.189.721	(879.781)
Önnuleystur hagnaður(tap) af fjárfestingum	(164.618)	(227.633)	33.121	319.806	(120.337)	7.953	69.070	(82.638)	(1.784.323)
Heildar gengismunur	(85.456)	(70.036)	139.327	991.430	(13.417)	25.942	119.293	1.107.083	(2.664.104)
Hagnaður (tap) tímabilsins af rekstri	63.054	99.049	125.350	932.682	32.937	34.792	122.763	1.410.625	(2.421.265)
Yfirlit um breytingu á hreinni eign									
Hrein eign í ársbyrjun	2.620.880	2.747.006	726.475	3.277.645	851.819	907.643	2.221.202	13.352.670	17.529.586
Fjármögnumunarhreyfingar									
Seld hlutdeildarskíteini	341.078	225.213	96.356	691.354	98.990	35.789	10.006	1.498.785	2.386.544
Innleyst hlutdeildarskíteini	(679.593)	(414.774)	(117.439)	(1.480.939)	(265.978)	(81.211)	(899.951)	(3.939.885)	(4.142.195)
Hækkuun (lækkun) á fjármögnumunarhreyfingum	(338.515)	(189.561)	(21.083)	(789.585)	(166.988)	(45.422)	(889.945)	(2.441.101)	(1.755.651)
Hrein eign í árslok	8	2.345.419	2.656.494	830.741	3.420.741	717.767	897.014	1.454.019	12.322.195
									13.352.670

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	ÍV Ríkisskuldabréfajóður Skýr.	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfaj.	ÍV Erlent hluta-bréfasafn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn III	Samtals 31.12.2023	Samtals 31.12.2022
Eignir									
Fjárfestingar									
Framseljanleg verðbréf									
Framsíða	2.314.566	2.632.526	523.201	3.358.348	708.116	158.533	217.848	9.913.139	10.470.430
Hlutdeildarskíteini	0	0	208.660	0	0	732.929	1.212.485	2.154.074	2.748.502
Fjárfestingar samtals	2.314.566	2.632.526	731.861	3.358.348	708.116	891.462	1.430.333	12.067.214	13.218.932
Aðrar eignir									
Reiðufé									
Reiðufé	4.903	26.405	40.656	65.759	15.248	6.386	61.191	220.549	183.780
Aðrar eignir	28.081	0	59.521	2.481	0	0	0	90.082	1.439
Aðrar eignir samtals	32.984	26.405	100.177	68.240	15.248	6.386	61.191	310.631	185.218
Eignir samtals	2.347.550	2.658.932	832.038	3.426.588	723.364	897.848	1.491.525	12.377.845	13.404.151
Skuldir									
Skuld við rekstrarfélag									
Skuld við rekstrarfélag	2.088	2.385	1.092	4.497	580	549	1.323	12.515	13.546
Skuld við vörslufyrirtæki									
Skuld við vörslufyrirtæki	43	53	204	779	21	25	16	1.142	529
Aðrar skuldir	0	0	0	570	4.997	261	36.165	41.993	37.405
Skuldir samtals	2.131	2.438	1.296	5.847	5.597	835	37.505	55.650	51.480
Hrein eign	8	2.345.419	2.656.494	830.741	3.420.741	717.767	897.014	1.454.019	
Fjöldi útgefina hlutdeildarskíteina		494.534	5.797	1.409	5.598	41.154	50.926	64.911	
Gengi hlutdeildarskíteina í lok tímabils		4.74	458,25	589,61	611,09	17,44	17,61	22,40	

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2023

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

Skuldabréf	31.12.2023		31.12.2022	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Ríkistryggð				
Ríkisbréf RIKS 30 0701	402.839	17,2%	34.694	1,3%
Ríkisbréf RIKB 42 0217	398.467	17,0%	508.823	19,3%
Ríkisbréf RIKB 31 0124	272.923	11,6%	688.332	26,1%
Ríkisbréf RIKS 33 0321	267.435	11,4%	102.087	3,9%
Ríkisbréf RIKB 28 1115	238.118	10,1%	459.632	17,5%
Ríkisbréf RIKS 37 0115	217.155	9,3%	59.254	2,3%
Ríkisbréf RIKB 35 0917	209.669	8,9%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKS 26 0216	126.441	5,4%	62.888	2,4%
Ríkisbréf RIKB 26 1015	36.558	1,6%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 24 0415	19.954	0,9%	38.635	1,5%
Ríkisbréf RIKB 25 0612	10.333	0,4%	400.621	15,2%
Ríkistryggð samtals	2.199.892	93,7%	2.354.965	89,4%
Íbúðabréf, húsbréf				
Húsbréf IBH 41 0315	1.968	0,1%	1.917	0,1%
Íbúðabréf HFF150644	1.484	0,1%	157.832	6,0%
Húsbréf IBH 37 1215	73	0,0%	71	0,0%
Húsbréf IBH 26 0315	46	0,0%	62	0,0%
Íbúðabréf, húsbréf samtals	3.571	0,2%	157.965	6,0%
Önnur skráð skuldabréf				
Byggðastofnun BYG 18 1	87.463	3,7%	89.939	3,4%
Byggðastofnun BYG 15 1	23.641	1,0%	25.239	1,0%
Önnur skráð skuldabréf fyrirtækis samtals	111.104	4,7%	115.178	4,4%
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals	2.314.566	98,6%	2.628.108	99,8%
Reiðufé	4.903	0,2%	5.257	0,2%
Aðrar eignir	28.081	1,2%	0	0,0%
Heildareignir	2.347.550	100,0%	2.633.365	100,0%

Sundurlíðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð		Hlutf. af fjárhæð Breyting	Hlutfall br. af heildar- eign %
		Eignir 31.12.2022	%		
Byggðastofnun BYG 18 1	402.839	17,2%	34.694	1,3% (368.145) (15,7%)	
Ríkisbréf RIKB 42 0217	398.467	17,0%	508.823	19,3% (110.356) (4,7%)	
Ríkisbréf RIKB 31 0124	272.923	11,6%	688.332	26,1% (415.408) (17,7%)	
Ríkisbréf RIKS 33 0321	267.435	11,4%	102.087	3,9% (165.347) (7,0%)	
Ríkisbréf RIKB 28 1115	238.118	10,1%	459.632	17,5% (221.515) (9,4%)	
Ríkisbréf RIKS 37 0115	217.155	9,3%	59.254	2,3% (157.901) (6,7%)	
Ríkisbréf RIKB 35 0917	209.669	8,9%	0	0,0% (209.669) (8,9%)	
Ríkisbréf RIKS 26 0216	126.441	5,4%	62.888	2,4% (63.553) (2,7%)	
Byggðastofnun BYG 18 1	87.463	3,7%	89.939	3,4% (2.476) (0,1%)	
Ríkisbréf RIKB 26 1015	36.558	1,6%	0	0,0% (36.558) (1,6%)	
Tíu stærstu samtals	2.257.067	96,1%	2.005.649	76,2% (251.418) (10,7%)	
Aðrar fjárfestingar	57.499	2,4%	622.459	23,6% (564.960) (24,1%)	
Reiðufé	4.903	0,2%	5.257	0,2% (354) (0,0%)	
Aðrar eignir	28.081	1,2%	0	0,0% (28.081) (1,2%)	
	2.347.550	100,0%	2.633.365	100,0% (285.815) (12,2%)	

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður frh.

Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
RIKS 30 0701	618.525	248.286
RIKS 37 0115	395.449	224.499
RIKS 26 0216	370.634	316.179
RIKS 33 0321	332.487	165.180
RIKB 42 0217	250.555	347.080
RIKB 31 0124	189.577	571.758
RIKB 28 1115	160.060	391.962
RIKB 26 1015	100.345	62.470
RIKB 24 0415	80.703	100.107
HFF150644	0	168.296
	<hr/> 2.822.473	<hr/> 3.101.613

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

Skuldabréf	31.12.2023		31.12.2022	
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Ríkisbréf				
Ríkisbréf RIKS 30 0701	383.907	14,4%	115.251	4,2%
Ríkisbréf RIKB 25 0612	356.977	13,4%	329.080	11,9%
Ríkisbréf RIKS 33 0321	352.911	13,3%	64.643	2,3%
Ríkisbréf RIKB 31 0124	336.386	12,7%	745.937	27,1%
Ríkisbréf RIKB 28 1115	270.792	10,2%	570.364	20,7%
Ríkisbréf RIKS 37 0115	218.170	8,2%	9.876	0,4%
Ríkisbréf RIKB 35 0917	162.494	6,1%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 42 0217	147.390	5,5%	158.605	5,8%
Ríkisbréf RIKB 26 1015	115.484	4,3%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 24 0415	95.119	3,6%	19.317	0,7%
Ríkisbréf RIKS 26 0216	92.197	3,5%	251.551	9,1%
Ríkisbréf RIKB 23 0515	0	0,0%	29.759	1,1%
Ríkisbréf samtals	2.531.825	95,2%	2.294.383	83,2%
Íbúðabréf, húsbréf				
Íbúðabréf HFF 150434	76.856	2,9%	253.088	9,2%
Íbúðabréf HFF 150224	22.027	0,8%	60.074	2,2%
Húsbréf IBH 41 0315	1.188	0,0%	1.157	0,0%
Íbúðabréf HFF 150644	627	0,0%	140.441	5,1%
Húsbréf IBH 26 0315	3	0,0%	4	0,0%
Íbúðarbréf samtals	100.701	3,8%	454.765	16,5%
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals	2.632.526	99,0%	2.749.148	99,7%
Reiðufé	26.405	1,0%	7.551	0,3%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%
Heildareignir	2.658.932	100,0%	2.756.699	100,0%

Sundurlíðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð %	Eignir 31.12.2022	Hlutf. af fjárhæð %	Hlutfall br. af heildar- eign	
					Breyting	%
Ríkisbréf RIKS 30 0701	383.907	14,4%	115.251	4,2%	268.655	10,1%
Ríkisbréf RIKB 25 0612	356.977	13,4%	329.080	11,9%	27.898	1,0%
Ríkisbréf RIKS 33 0321	352.911	13,3%	64.643	2,3%	288.267	10,8%
Ríkisbréf RIKB 31 0124	336.386	12,7%	745.937	27,1% (409.552) (15,4%)	(299.572) (11,3%)	
Ríkisbréf RIKB 28 1115	270.792	10,2%	570.364	20,7% (543.176) (20,4%)	(208.295) (7,8%)	
Ríkisbréf RIKS 37 0115	218.170	8,2%	9.876	0,4%	208.295	7,8%
Ríkisbréf RIKB 35 0917	162.494	6,1%	0	0,0%	162.494	6,1%
Ríkisbréf RIKB 42 0217	147.390	5,5%	158.606	5,8% (11.215) (0,4%)	(11.215) (0,4%)	
Ríkisbréf RIKB 26 1015	115.484	4,3%	0	0,0%	115.484	4,3%
Ríkisbréf RIKB 24 0415	95.119	3,6%	19.317	0,7%	75.801	2,9%
Tíu stærstu samtals	2.439.629	91,8%	2.013.074	73,0%	426.555	16,0%
Aðrar fjárfestingar	192.898	7,3%	736.074	26,7% (543.176) (20,4%)	(543.176) (20,4%)	
Reiðufé	26.405	1,0%	7.551	0,3%	18.854	0,7%
Aðrar eignir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	2.658.932	100,0%	2.756.699	100,0% (97.767) (3,7%)	(97.767) (3,7%)	

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa frh.

Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

	Heildar-kaup	Heildar-sala
RIKS 30 0701	512.012	232.932
RIKS 33 0321	406.782	122.055
RIKB 24 0415	335.705	267.836
RIKB 25 0612	285.800	246.866
RIKS 26 0216	270.305	440.502
RIKS 37 0115	242.116	39.327
RIKB 35 0917	180.013	24.959
RIKB 26 1015	164.606	47.895
RIKB 42 0217	124.505	135.717
RIKB 31 0124	122.608	494.627
RIKB 28 1115	121.442	407.055
HFF150434	0	176.185
HFF150644	0	150.495
	<hr/> 2.765.894	<hr/> 2.786.452

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2023 frh.

ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og sambærilegra erlendra sjóða

	31.12.2023	31.12.2022		
	Markaðs-verð	%	Markaðs-verð	%
Hlutdeildarskírteini				
ÍV Erlent Hlutabréfasafn	118.784	14,3%	89.695	13,9%
Katla Fund Global Value	89.877	10,8%	139.229	21,6%
Booking Holdings Inc	9.634	1,2%	0	0,0%
Elevance Health Inc	8.965	1,1%	0	0,0%
BlackRock Inc	8.819	1,1%	0	0,0%
The Coca-Cola Company	8.802	1,1%	0	0,0%
PepsiCo Inc.	8.764	1,1%	0	0,0%
NVIDIA Corp	8.742	1,1%	0	0,0%
Alphabet Inc. - A Shares	8.726	1,0%	0	0,0%
Eli Lilly & Co	8.707	1,0%	0	0,0%
Mastercard Inc	8.687	1,0%	0	0,0%
Microsoft Corp.	8.681	1,0%	0	0,0%
Amazon.com Inc.	8.666	1,0%	0	0,0%
Meta Platforms Inc.	8.652	1,0%	0	0,0%
Netflix Inc.	8.595	1,0%	0	0,0%
Merck & Co. Inc.	8.586	1,0%	0	0,0%
UnitedHealth Group Inc.	8.579	1,0%	0	0,0%
Salesforce.com Inc.	8.576	1,0%	0	0,0%
RTX Corporation	8.569	1,0%	0	0,0%
Walmart Inc.	8.563	1,0%	0	0,0%
The Procter & Gamble Company	8.557	1,0%	0	0,0%
JP Morgan Chase & Co.	8.546	1,0%	0	0,0%
Johnson & Johnson	8.514	1,0%	0	0,0%
Chevron Corporation	8.507	1,0%	0	0,0%
Intuit Inc.	8.487	1,0%	0	0,0%
Visa Inc.	8.485	1,0%	0	0,0%
The Home Depot Inc.	8.471	1,0%	0	0,0%
Lowe's Companies Inc.	8.462	1,0%	0	0,0%
McDonalds Corp.	8.455	1,0%	0	0,0%
Tesla Inc.	8.435	1,0%	0	0,0%
Novo Nordisk A/S	8.429	1,0%	0	0,0%
AbbVie Inc.	8.417	1,0%	0	0,0%
American Express Co.	8.395	1,0%	0	0,0%
Goldman Sachs Group Inc.	8.381	1,0%	0	0,0%
S&P Global Inc.	8.375	1,0%	0	0,0%
Apple Inc.	8.366	1,0%	0	0,0%
Applied Materials Inc.	8.363	1,0%	0	0,0%
First Trust NASDAQ Cybersecurity ETF	8.342	1,0%	0	0,0%
Broadcom Inc.	8.337	1,0%	0	0,0%
Exxon Mobil Corporation	8.282	1,0%	0	0,0%
Honeywell International Inc.	8.258	1,0%	0	0,0%
NIKE Inc.	8.256	1,0%	0	0,0%
NextEra Energy Inc.	8.248	1,0%	0	0,0%
Intuitive Surgical Inc.	8.246	1,0%	0	0,0%
Berkshire Hathaway Inc.	8.233	1,0%	0	0,0%
Caterpillar Inc.	8.231	1,0%	0	0,0%
Bank of America Corp.	8.230	1,0%	0	0,0%
ASML Holding NV	8.223	1,0%	0	0,0%
Starbucks Corp.	8.214	1,0%	0	0,0%
Amgen Inc.	8.213	1,0%	0	0,0%
Verizon Communications	8.191	1,0%	0	0,0%
Philip Morris International Inc.	8.176	1,0%	0	0,0%
Union Pacific Corp.	8.172	1,0%	0	0,0%
Danaher Corp.	8.168	1,0%	0	0,0%
